

EFTIRLITSSKÝRSLA

Kratus Hvalfjörður



Dags eftirlits	15.5.2015	Fulltrúi UST	Halla Einarsdóttir
Fyrirtæki	Kratus	Fulltrúi UST	Eva Dögg Kristjánsdóttir
Heimili	Klafastaðavegi 4	Tegund eftirlits	Reglubundið fyrra eftirlit
Kennitala	4307002270	Flokkur	Verksmiðja
Fulltrúi fyrirtækis	Matthías Matthíasson	ÍSAT nr.	3832
Fulltrúi fyrirtækis	Guðjón Jónsson	Staðsetning	64,355088 -21,788370

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Í eftirlitinu komu fram tvö ný frávik þar sem að hljóðmælingar voru ekki gerðar árið 2014 og viðbragðsáætlun hafði ekki verið uppfærð.

Ráðstöfun síuryks (frá reykheinsivirkjum) og fínryks (frá álgjalli) hefur verið í eftirfylgni frá árinu 2013. Í áminningarbréfi til rekstraraðila frá 28.ágúst 2014 var veittur frestur til 1.janúar 2015 til að vinna upp birgðir af fínrykinu og finna viðeigandi endurvinnsluaðila fyrir síurykið. Rekstraraðili hefur ekki bætt úr ofangreindum frávikum og verður málinu því fylgt áfram eftir í eftirfylgniferlinum.

Auk þess voru tvær athugasemdir gerðar við starfsemina vegna seinra gagnaskila og magns hráefnis á lóð.

UMFANG EFTIRLITS

Í eftirlitinu var byrjað á skoðunarferð um verksmiðjuna og lóðina. Reksturinn var ekki í gangi þar sem að verið er að setja upp nýjan ofn og reykheinsivirki í verksmiðjunni. Nýja reykheinsivirkið er stærra í sniðum en fyrra virki og er unnið að uppsetningu þess. Nýji ofninn er tromluofn sem er stærri en núverandi ofn og verður keyrður á olíu í stað gass eins og nú er gert. Töluvert magn af álgjalli er á staðnum en er það allt geymt innandyra. Brotaál er í miklu magni og geymt í opnum gámum og í haugum aftan við verksmiðjuhúsið. Fínryk og síuryk er í lokuðum gámum á lóðinni, sunnan við verksmiðjuna.

Eftir skoðunarferðina var eftirlitsfundur.

Byrjað var á yfirferð rekstrarhandbókar og skráninga sbr grein 3.2 í starfsleyfi. Frávik kom fram í þar síðasta eftirliti þar sem að skráningar í rekstrarhandbók láu ekki fyrir. Rekstrarhandbókin hefur nú verið tekin í notkun.

Engar kvartanir hafa borist Umhverfisstofnun frá síðasta eftirliti en í rekstrarhandbók eru tvö tilvik skráð um óeðlilega reykmenngun frá starfseminni sem stafaði af ofhitnun á ofni (atvik 27.6.2014 og 31.10.2014). Enginn olíuafgreiðsla er á lóðinni og tæki fara til þjónustaðila til smurningar. Eins og er eru því engar olíugildirur á lóðinni. Skráð birgðastaða á saltköku eru ríflega 1450 tonn auk 570 tonna af fínryki sem sigtað var frá álgjallinu og 162 tonn af síuryki sem kemur úr reykheinsivirkinu. Sjónrænt mat er gert á hráefni til að meta hvort það uppfylli skilyrði um álinnihald og mánaðarlega eru teknar saman skýrslu um það ál sem unnið hefur verið úr hráefninu. Samkvæmt upplýsingum rekstraraðila eru um 220 tonn af óunnu álgjalli í verksmiðjuhúsinu og um 250 tonn af brotaáli á lóðinni. Útblástursmælingar og mælingar á díoxíni í jarðvegi voru gerðar á síðasta ári og skal endurtaka nú í ár. Farið var yfir viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar frá árinu 2011. Mannabreytingar í fyrirtækinu kallar á uppfærslu viðbragðsáætlunarinnar.

Þá var farið yfir geymslu hráefna og úrgangs.

Geymslur við Faxabraut 11a á Akranesi og Gjáhellu 11 í Hafnarfirði hafa verið tæmdar og er allt síuryk og fínryk nú geymt í gámum á lóð Kratusar. Saltkaka sem ekki hefur verið flutt út er geymd í geymslu á Vogatungu í Hvalfjarðarsveit. Minnt var á að geymslan í Vogatungu er ekki hugsuð sem úrræði til langframa heldur einungis þar til að viðunandi geymsla hefur verið byggð á lóð Kratusar.

Farið var yfir skráningar á útflutningi saltköku. Að sögn rekstraraðila fór síðasti farmur af saltköku út til Bretlands með skipi í ágúst (um 2000 tonn). Núverandi leyfi heimilar flutning á um 1500 tonnum af saltköku til viðbótar og rennur út í sumar.

Grænt bókhald fyrir árið 2014 var sent til Umhverfisstofnunar í eftirlitinu. Þeim er ekki skylt að skila inn útstremisbókhaldi þar sem að losun þeirra er undir þröskuldsmörkum útstremisbókhalds.

Kratus tók þátt í opnum kynningarfundum um umhverfisvöktun í Hvalfirði sem haldinn var 30.apríl sl. og kynnti þar mengunarmælingar frá starfseminni.

Frávik frá

Grein 3.1 í starfsleyfi

Lýsing á fráviki

Hljóðmælingar hafa ekki verið framkvæmdar á lóð verksmiðjunnar en skv starfsleyfi átti þær að fara fram fyrir 12.nóvember 2014.

Grein 4.4 í starfsleyfi

Viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar hefur ekki verið uppfærð sem skyldi eftir mannabreytingar hjá fyrirtækinu.

ATHUGASEMDIR

Töluvert magn af hráefni er á lóð fyrirtækisins. Rekstraraaðila er því óheimilt að taka við meira magni af hráefni þar til að verksmiðjan hefur rekstur aftur. Miða skal að því að vinna niður þær birgðir sem uppsafnaðar eru á lóðinni áður en tekið verður við meiru hráefni.

Grænu bókhaldi sem skila átti fyrir 1.maí sl. var skilað í eftirlitinu.

ANNAÐ

Kratús ehf hefur keypt búnað frá Alur álvinnslu í Helguvík og hyggst hefja vinnslu á álgjalli í saltlausu ferli. Sömuleiðis er fyrirhugað að hefja endurvinnslu saltkökunnar á lóð Kratusar. Umhverfisstofnun bendir rekstraraðila að senda Umhverfisstofnun erindi um þessar breytingar á rekstri sbr. 18.gr reglugerðar nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Umhverfisstofnun mun meta á grundvelli þeirra gagna hvort breytingarnar kalli á útgáfu nýs starfsleyfis.

Fyrirhugað er að setja upp um 20m³ olútank fyrir nýja ofninn og skal frágangur við hann vera í samræmi við ákvæði í grein 2.9 og 2.10 í starfsleyfi.

Minnt er á ákvæði í starfsleyfi um sameiginlega umhverfisvöktun iðjuveranna á Grundartanga. Umhverfisstofnun mun leggja til endurskoðun á vöktunaráætlun iðjuveranna þar sem að starfsemi Kratusar verður tekið inn í vöktunaráætlunina og umhverfisskýrslu iðjuveranna.

Samtekt um mengunarmælingar ársins 2015 skal skila fyrir 1.júlí ár hvert. Viðbúið er að seinkun verði á mengunarmælingum nú í ár vegna rekstrarstoppsins.

Minnt var á að útflutningsleyfi fyrir saltköku rennur út 14.júlí nk.

Reykjavík, 18.06.2015

Halla Einarsdóttir

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.